

Sp.

107. Tillaga til þingsályktunar

[96. mál]

um eftirlit með fyrirtækjasamtökum.

Flm.: Unnar Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga, með hverjum hætt hið opinbera geti haft eftirlit með viðleitni einkafyrirtækja til að hafa með sam-eiginlegri afstöðu á markaði óæskileg áhrif á verðmyndun í landinu og hvernig bezt megi tryggja, að neytendur fái notið ávaxta aukinna framleiðsluafkasta í meira vöruúrvali og hagstæðara verðlagi.

Greinargerð.

Íslenzk löggjöf hefur ekki ákvæði, sem lúta að heimild hins opinbera til að hafa eftirlit með tilraunum fyrirtækjasamtaka til aðgerða, sem gætu haft óæskileg áhrif á vöruval og verðlag í landinu. Með flutningi þessarar tillögu er lagt til, að ríkisstjórnin láti rannsaka starfsemi þeirra fyrirtækjasamtaka, sem hafa einkasöluafstöðu eða líkleg þykja til að geta öðlazzt hana, og láti síðan undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um opinbert eftirlit með slíkum samtökum einkafyrirtækja.

Myndun fyrirtækjasamtaka hefur verið eitt meginvandamálið í markaðspróun síðustu áratuga, einkum meðal þeirra þjóða, sem hafa vilja í heiðri lögmál frjálsrar verðmyndunar og athafnafrelsi einstaklinga. Sérstaklega kveður að þessum vanda í þeim ríkjum, sem nú eru með lækkun tolla og afnámi innflutningshafta að taka upp frjálsari viðskiptahætti sín á milli.

Viðari markaðsheild á Vesturlöndum ásamt greiðari samgöngum og fullkonnara vörudreifingarkerfi eykur til muna hagkvæmni sérgreiningar og stórrekstrar, sem á hinn bóginn skapar skilyrði til enn víðtækari verkaskiptingar yfir landamærin, en það er einmitt ein aðalundirstaða efnahagslegra framfara.

En samtímis því, að aukin sjálfvirkni í vélvæðingu og nýjar uppfinningar,

sem gera byltingu á sviði tækniframfara, leiða til enn frekari stóriðju, þá safnast framleiðsla hvernar einstakrar vörutegundar saman á færri og stærri hendur, sem fá með þessum hætti einokunaraðstöðu og efnahagsleg völd.

Þessi þróun stafar meðal annars af því, að markaðshættir nútímans mótast í vaxandi mæli af einkasölusamkeppni með miklum fjölbreytileika vörutegunda, þar sem hver framleiðandi keppir að því að gefa afurð sinni einhverja sérstöðu, sem veitir honum tækifæri til að reka sjálfstæða verðstefnu án verulegs tillits til verð-ákvörðunar annarra.

Reynsla undanfarinna áratuga hefur sýnt, að rík tilhneiging hefur verið til samvinnu fyrirtækja í stað samkeppni. Hafa fyrirtækin myndað með sér efnahagssamsteypur (trusts) eða efnahagssamtök (cartels) til að sölsa undir sig einhvers konar einkasöluaðstöðu á markaðinum. Í staðinn fyrir verðsamkeppni kemur þá formlegur verðsamningur eða leynilegt samkomulag, og er þannig úr sögunni frjáls samkeppni um verð, og í hennar stað kemur samkeppni á sviði sölustarfs, viðskiptagæða, þjónustu og auglýsinga.

Af þessum ástæðum má fullyrða, að stórum hafi dregið úr gildi frjálsrar samkeppni um verð í nútíma verzlunarháttum. Er ekki aðeins, að sjálfstæð einkafyrirtæki geti í krafti samtaka sinna með hömlum á framboði eða framleiðslu dregið úr eða útilokað samkeppni, heldur geta þau einnig staðið gegn auknum afköstum, hagnýtingu tækninýjunga og eðlilegri framþróun, sem ella mundi leiða til meiri heildarframleiðslu og aukinnar hagsældar. Einstök afbrigði fyrirtækjasamtaka geta haft að markmiði, auk þess að halda uppi verði, að takmarka gæði, samræma söluskilmála, leggja höft á innflutning og hömlur á framboð, skipta með sér sölu-svæðum og viðskiptavinum og ákvarða sölukvóta í því skyni að bæta hag meðlima sinna á kostnað neytenda.

Samræmdar aðgerðir, sem að yfirlögðu ráði hafa þvílík markmið, geta ekki talizt einkamál viðkomandi fyrirtækja, sem geta verið mikilsverður hlekkur í þjóðarbúskapnum og eiga því skyldum að gegna við samfélagið.

Ríkisvaldið hefur því víðast hvar látið þetta vandamál til sín taka, annaðhvort bannað slík samtök með öllu, eins og í Bandaríkjunum, Ástralíu og Japan, eða tekið upp strangt eftirlit með starfsemi þeirra, eins og á Norðurlöndum, Englandi, Írlandi, Hollandi, Belgíu, Kanada og víðar. Fyrirtækjum er þá yfirleitt gert að tilkynna alla samninga sína hinu opinbera og gefa þær upplýsingar, sem það biður um.

Íslenzki markaðurinn er þröngur og hefur vegna smæðar sinnar og mikils innflutnings þá sérstöðu, að hér væri auðvelt fyrir kaupmenn, innflytjendur eða framleiðendur með framleiðendasamtökum og innkaupasamböndum að öðlast einkasöluaðstöðu og efnahagsleg völd.

Hins vegar hefur ríkisvaldið um langt skeið með verðlagseftirliti og sérstakri skipan innflutnings- og gjaldeyrismála tryggt sér aðstöðu til að fylgjast allnáið með verðmyndun innanlands, sem af þeim sökum hefur ekki lotið neinum lögmaálum frjálsrar verðmyndunar. Hefur af þessum ástæðum ekki verið talin ástæða til frekari íhlutunar um verðmyndun með markaðsrannsóknnum og nánara eftirliti af hálfu hins opinbera.

Enda þótt verðlagseftirlit sé mikilsvert tæki til að vernda hagsmuni neytenda, þá hefur það að óbreyttri löggjöf engin skilyrði til að ná þeim tilgangi, sem hér er gert ráð fyrir. Ríkisstjórnin stefnir að frjálsum innflutningi og heitir landsmönnum, að með því vilji hún stuðla að meira vöruframboði og frjálsara neyðluvali, en svo fremi getur hún náð þessu marki, að innflytjendur sjálfir láti ekki samtök sín viðhalda þeim óeskilegu höftum, sem hún vill afnema, og komi þannig beinlínis í veg fyrir, að ráðstafanir hennar í þessum efnum nái tilætluðum árangri.